

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2010



Kvennafrídagur 25 október 2010

Reykjavík, febrúar 2011

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2010

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Edda G. Björgvinsdóttir
Erla Hulda Halldórsdóttir
Helga Guðmundsdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

Úr ársreikningi 2010:

Tekjur

Fjárlög	3.448.057
Framlag menntamálaráðuneytis	1.000.000
Vaxtatekjur	<u>216.376</u>
Samtals:	4.664.433

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	4.563.105
Laun stjórnarnefndar	285.444
Annar rekstrarkostnaður	<u>65.164</u>
Samtals:	4.913.713

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a. ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Árið 2010 skipuðu nefndina:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Erla Hulda Halldórsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum
Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún var í 80% starfi allt árið 2010.

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

– Sjálfstæðum rannsóknum forstöðukonu sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Árið 2010 var safnið opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs 1. viku ársins og 24., 25. og 26. viku og einnig var lokað frá 20. desember til áramóta.

Aðsókn að safninu

Á árinu 2010 rituðu 118 einstaklingar nafn sitt í gestabók. Beiðnir símleiðis voru skráðar 148 og með tölvupósti 98. Þetta er nokkur aukning frá fyrra ári, en þá rituðu 96 einstaklingar nafn sitt í gestabók, beiðnir símleiðis voru skráðar 69 og með tölvupósti 67. Þess ber að geta að skráning hófst ekki það árið fyrr en í mars.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðukona sótti fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Þá sótti hún fundi norræna kvennasögusafna og upplýsingamiðlara í Kaupmannahöfn í janúar og í Osló í nóvember. Í sambandi við síðari fundinn sótti forstöðukona málþingið “Bland gräsrotter, ródstrumpor och statsfeminister” sem haldið var í háskólanum í Osló og kynnti niðurstöður hins norræna FEMCIT-verkefnis, en Íslendingar áttu því miður engan fræðimann í því verkefni.

Viðburðir

Kvöldvaka

Kvöldvöku hélt Kvennasögusafn að þessu sinni með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða við Túngötu 7. desember. Vakan tókst vel að venju. Forstöðukona Kvennasögusafns las upp úr bókinni *Amerísk ráð* eftir Margréti Jónsdóttur, útg. 1922 í Reykjavík, en rit þetta er dæmi um útgáfustarf konu sem fallið hefur í gleymsku. Lesið var upp úr bókum eftir konur, kaffi og piparkökur voru á boðstólum og efnt var til veglegs happdrættis.

Sýningin „Með viljann að vopni. Endurlit 1970-1980“

Sýning með ofangreindu nafni var opnuð á Kjarvalsstöðum í Reykjavík þann 4. september og stóð Listasafn Reykjavíkur að sýningunni. Markmið hennar var að varpa ljósi á áhrif kvennabaráttunnar á myndlistina á áratugnum 1970-1980 og framlag myndlistarinnar til kvennabaráttunnar á sama tíma. Forstöðukona ritaði grein í sýningarskrána undir heitinu “Ó, samherjar, konur, sækið nú fram.” Staða kvenna og kvennabaráttan 1970-1980”. Kvennasögusafn Íslands lánaði veggspjöld á sýninguna og Landsbókasafn lagði til dagblöð og tímaritið *Forvitin rauð*. Sýningin stóð uppi til og með 7. nóvember.



Landsbókasafn lánaði *Forvitin rauð*



Plaköt frá Kvennasögusafni Íslands

Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

Erindi og fræðistörf forstöðukonu 2010:

‘Kvinder på det Islandske folketing’. Erindi fyrir þingkonur er sóttu fund Vestnorræna ráðsins í Reykjavík 7. júní‘.

Frændafundur í Reykjavík 21. ágúst. Forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og Beinta í Jákupsstovu kynntu samanburðarverkefni sitt um konur í stjórnmálum á Íslandi og í Færeyjum.

Fjölmiðlaviðtöl um efni safnsins og/eða kvennasögu:

Janúar. Viðtal í þættinum *Spegillinn* á RUV 1 um konur og prófkjör.

Apríl. Viðtal á RUV 2 um konur í sveitarstjórnnum.

Annað:

11. febrúar kynnti forstöðukona Kvennasögusafn Íslands, sögu þess og markmið, á fundi Rótaryklúbbs í Hafnarfirði. Fundurinn var haldinn að morgni til í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og var fjölsóttur.

Forstöðukona Kvennasögusafns stýrði umræðum á þessum fundi:

‘Kynbundin valdakerfi í íslenskum stjórnmálum og efnahagslífi’. Kynning á norræna verkefninu *Kön og magt* í samvinnu RIKK og Jafnréttisstofu í Háskóla Íslands 15. janúar. Félagsmálaráðherra Árni Páll Árnason flutti ávarp og erindi fluttu þær Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, professor í félagsfræði við Háskóla Íslands, og Rósa Guðrún Erlingsdóttir, stjórn málafræðingur. Í pallborði tóku þátt Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi ráðherra og þingkona, Guðrún Björk Bjarnadóttir, lögmaður hjá Samtökum atvinnulífsins, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingkona, Jón G. Hauksson, ristjóri Frjálsrar verslunar, Margrét Kristmannsdóttir, stjórnarformaður Samtaka verslunar og þjónustu, og Þórdís Jóna Sigurðardóttir, heilsuráðgjafi hjá Manifesto.

Forstöðukona Kvennasögusafns stýrði þessu málþingi:

„Ástir og átök í kvennabaráttunni“. Málþing á vegum RIKK og Skottanna, regnhlífasamtök kvennahreyfingarinnar á Íslandi. Tílefnið var Kvennafrídagurinn sem haldinn var í fjórða sinn þann 25. október 2010.

Frummælendur voru Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum, Kristín Jónsdóttir, M.A. í sagnfræði, Droplaug Margrét Jónsdóttir, M.A. í mannfræði.

Þátttakendur í pallborði voru Lilja Ólafsdóttir, ein af stofnendum

Rauðsokkahreyfingarinnar, Gerður Kristný, rithöfundur, Halla Gunnarsdóttir, talskona Feministafélags Íslands.

Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna, kynnti Kvennafrídaginn 2010.

„Kjörgripur mánaðarins“. Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn tók á árinu upp þá nýjung á vefsíðum sínum að kynna einhver gögn safnins undir heitinu „Kjörgripur mánaðarins“. Kvennasögusafni Íslands var nokkrum sinnum boðið að kynna slíkan grip og varð þetta efni fyrir valinu:

- Júní: Kosningaréttur kvenna og Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Stutt æviágrip Bríetar. Lesendur gátu smellt á og lesið í tölvu sinni *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna* frá árinu 1887.
- Ágúst: Konur hefja á loft sérstakan fána Íslendinga. Forsaga: Þann 2. ágúst 1897 var haldin þjóðminningarhátíð í Reykjavík. Félagskonur *Hins íslenska kvenfélags* báru í göngunni litla bláhvíta fána sem festir voru á prik. Á hátíðarsvæðinu við Rauðará höfðu félagskonur *Hvítabandsins* einnig skreytt tjald sitt með fánanum. Þorbjörg Sveinsdóttir, yfirsetukona í Reykjavík, sem var aðaldriffjöðrin í fyrrnefnda félaginu, mun einnig hafa dregið bláhvítan saumaðan fána að húni á húsi sínu að Skólavörðustíg. Lesendur gátu smellt á og lesið í tölvu sinni: *Ársrit hins íslenska kvennfélags 1897* og blaðið *Dagskrá* 3. ágúst 1897 þar sem sagði frá athöfninni.

- September: Menntaskólinn opnar dyr. Eitt fyrsta embættisverk Hannesar Hafstein var að breyta reglugerðinni um *Hinn lærða skóla* á þann veg að hann opnaði dyr sínar stúlkum og hét jafnframt þar eftir *Hinn almenni menntaskóli*. Laufey Valdimarsdóttir settist í skólann þetta haust og lauk þaðan prófi eftir venjulegan námstíma, stúdent 1910. Hún skrifaði minningar sínar um skólavistina í blað nemenda, *Skólablaðið*, árið 1944 og gátu lesendur smellt á og lesið þessa grein.
- Október: Kvennasmiðja. 24. október 1985 héldu konur útifundi til að vekja athygli á stöðu sinni, m.a. í Reykjavík. Í hálfbyggðu húsi Seðlabankans við Arnarhól var haldin sýning á vinnu kvenna og gefið út blaðið *Kvennasmiðja* sem lesendur gátu smellt á og lesið.
- Nóvember: Kvennaframboðið 1908. Kvennaframboð kom fram við bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1908. Lesendur gátu smellt á og skoðað plakat frá kvennaframboðinu 1908.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánnum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK kallar tvisvar á ári saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda og sótti forstöðukona Kvennasögusafns báða fundina á árinu 2010, svo sem fram kom hér að framan.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Starfið framundan

Ljóst er að vegna þróings fjárhags verður ekki ráðist í nein verkefni sem krefjast fjárútláta af hálfu safnsins á árinu 2011. Stefnt er þó að þessu:

Skrár yfir einkaskjalasöfn hjá Kvennasögusafni Íslands verði gerðar aðgengilegar á vefsíðum safnsins áður en árið er á enda, en þau söfn eru nú 36 að tölu, bæði bréf og skjöl.

Forstöðukona hefur tekið upp nýja aðferð við skráningu á gögnum safnsins og eru þau í samræmi við það sem tíðkast á handritadeild Landsbókasafns Íslands. Skjalasöfn fá aðeins

eitt safnmark og búin er til nákvæm skrá yfir innihald og annað er máli skiptir. Hafa 11 skjalasöfn verið skráð með þessum hætti og telja þau allt frá einni og upp í 13 öskjur. Stefnt er að því að færa öll gögn Kvennasögusafns í þennan búning og markið sett á að færa 10 stór söfn á ný safnmörk á árinu 2011.

Kvennasögusafn Íslands hefur gert samning við Björgu Einarsdóttur sagnfræðing um að mega nota efni úr bókum hennar *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna* sem grunn að íslenskum æviskrám kvenna. Stefnt er að því að undirbúa vefsíður sem geta orðið grunnur að slíkum æviskrám og leita styrkja til að hefja vinnu við að flytja efni úr bókum Bjargar yfir í þann grunn.

Á árinu 2011 verða 100 ár liðin frá því lög voru sett um jafnan aðgang kvenna og karla að skólum og embættum og Háskóli Íslands stofnaður. Kvennasögusafn Íslands, Jafnréttisstofa og RIKK munu standa fyrir málþingi af þessu tilefni þann 22. október.

Árið 2015 verða liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Reyndar urðu þær að vera orðnar 40 ára (sem er einsdæmi í veröldinni), og almennt fengu íslenskar konur ekki kosningarétt fyrr en árið 1920. Sú hefð hefur hins vegar myndast gegnum tíðina að halda upp á árið 1915 frekar en 1920, enda munu ríflega 60% kvenna hafa fengið kosningaréttinn 1915. Kvennasögusafn Íslands og RIKK undirbúa nú viðburði af þessu tilefni árið 2015 og hafa byrjað að leita styrkja.

Fundur norrænna kvennasögusafna og upplýsingamiðstöðva verður haldinn í Reykjavík 5.-6. maí og kemur það í hlut forstöðukonu Kvennasögusafns að undirbúa hann og aðstoða gesti meðan á dvöl þeirra stendur hér. Búist er við 15-20 manna fundi.

Aðföng 2010

Handrit:

6. janúar Anna Bjarkan, Vorsabæ 16 í Reykjavík, sendi safninu plastmöppu með efni eftir sig.

8. janúar Hanna R. Guttormsdóttir, Engjaseli 56, sendi safninu gömul gögn frá tengdamóður sinni sem lést árið 1990 (sjá bréf í aðfangamöppu). Sigríður Sigurðardóttir, f. 14. 01. 1911, kennarapróf 1937.

26. janúar Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur afhenti Kvennasögusafni til varðveislu gögn klúbbsins frá upphafi, þ.e. frá árinu 1959 til 2007, en hann var fyrsti soroptimistaklúbburinn sem stofnaður var hér á landi. Gögnunum fylgdi skrá og bréf undirritað af formanni klúbbsins, Heiði Vigfúsdóttur.

10 febrúar Sigrún Benediksdóttir færði safninu ýmislegt úr búi móður sinnar, Brynhildar Skeggjadóttur (1925-2007), bækur, skýrslur frá Bandalagi kvenna í Reykjavík, skýrslur og skjöl frá húsmæðraorlofi og Mæðrafélaginu.

12. apríl Hulda Þorsteinsdóttir, Eilífsdal í Kjós, færði safninu fundagerðabækur Kvenfélags Kjósahepps 1940-1992 (5 stk.) ásamt borðfána félagsins.

28. apríl Svanlaug Baldursdóttir færði safninu 12 bréf er þær Anna Sigurðardóttir og Elsa Mía Einarsdóttir skrifuðu henni til Kaupmannahafnar á árunum 1973-1976.

18. maí Sigríður Jóhannsdóttir, Ljárskógum 25, færði safninu úr fórum systur sinnar, Ásdísar Jóhannesdóttur (1933-1959), dagbók frá 1948-1950, stílabók með handskrifuðum ljóðum og plastmöppu með uppskrifuðum ljóðum hennar og æviágripi.

8. júní Guðrún Jónsdóttir, fyrrum félagsráðgjafi og borgarfulltrúi Kvennaframboðsins í Reykjavík, færði safninu gögn úr sínum fórum, m.a.: plaköt ýmiskonar, efni frá Samtökum kvenna á vinnumarkaði, hlutabréf í Vesturgötu 3, efni frá ráðstefnu um kvennarannsóknir 1985 og plögg frá Kvennaframboði. Verður yfirfarið og komið á viðeigandi staði.

12. ágúst Ingibjörg Sólrún Gísladóttir færði safninu fundagerðabók undirbúningshóps sýningar '85 nefndarinnar í Seðlabankahúsinu 24.-31. okt. 1985, 23. sept. 1985- 25. okt. 1985. Sýningin bar heitið „Konan, vinnan, kjörin“. Einnig fylgdu með eintök af blaðinu *Kvennasmiðjan* sem gefið var út meðan á sýningunni stóð.

21. september Um hendur Magneu Kolbrúnar Sigurðardóttur bárust safninu gögn Klúbbs kvenna í stjórnunarstörfum er stofnaður var 1982 eftir námskeið hjá Stjórnunarfélaginu. Gögnin innihalda m.a. fundargerðir klúbbsins.

27. september Ásta Ingunn Thors, Skúlagötu 20, gaf safninu bréf Theódóru Thoroddsen til Ástu Pétursdóttur Thorsteinsson, ritað í Vík 24.7. 1937. Einnig fingurbjörg Theódóru, merkt ThTh. Fingurbjörgina hafði Theódóra gefið Ástu Pétursdóttur og eftir lát hennar gekk hún til Ástu Ingunnar.

28. október Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði safninu minningarkort og póstkort frá Maríu Ágústsdóttur frá Möðruvöllum og ýmislegt fleira, sbr. handskrifaðan lista. Einnig fylgdi með ljósmyndaalbúm merkt: Guðrún Jóhannsdóttir frá Brautarholti.

10. nóvember Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði safninu bréf Guðrúnar Lárusdóttur, þingkonu, til móður sinnar, Kirstínar Katrínar Pétursdóttur Guðjohnsen, rituð á árunum 1900-1934. (Bréfin gáfu afkomendur Guðrúnar út á bók í des. 2009 í mjög takmörkuðu upplagi, sbr. þessa aðfangaskrá 18. janúar). Rétt þykir að bréfin fari til handritadeildar Landsbókasafns til hægðarauka notendum. Beðið verður um að Kvennasögusafn fái afrit af skráningu þeirra til varðveislu.

7. desember Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði safninu dagbækur og bréf úr fórum móður hennar, Láru Sigurbjörnsdóttur. Safninu hafði áður borist gögn viðvíkjandi Láru (sjá Aðfangaskrá 2005, 27. júní) og verður þetta efni nú skráð saman.

Annað:

14. janúar Björg Bjarkadóttir afhenti safninu hlutabréf í Hallveigarstöðum ásamt kvittun stílaða á Guðmund H. Pálsson, en hann var ömmubróðir Bjargar og flutti til Ameríku þaðan sem hlutabréfið barst í hennar hendur fyrir skemmstu.

18. janúar Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði safninu 2 eintök af ritinu *Bréf Guðrúnar Lárusdóttur til móður sinnar Kirstínar Katrínar Pétursdóttur Guðjohnsen á árunum 1900-1934*, sem niðjar Guðrúnar gáfu út í mjög takmörkuðu upplagi 2009. Annað eintakið fer til Landsbókasafns.

11. febrúar Guðrún Agnarsdóttir, Eyrún B. Jónsdóttir og Hanna B. Jónsdóttir afhentu safninu til varðveislu 23 möppur og laus blöð af blaðaúrklippum sem þær höfðu safnað á árunum 1998-2006 vegna vinnu á Neyðarmóttöku Landspítalans.

22. febrúar Halla Kristín Einarsdóttir gaf safninu eintak af lokaverkefni sínu til MA prófs í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í.: myndin „Konur á rauðum sokkum“ og greinargerð með samnefndu heiti.

22. febrúar Sendiboði frá Héraðsskjalasafni Árnesinga færði Kvennasögusafni skrá yfir skjöl safnsins er varða Kvennalistann á Suðurlandi. Einnig fylgdu með tvítök sem Kvennasögusafni er frjálst að nýta sér en henda ella.

Mars Sigríður Lillý Baldursdóttir sendi safninu afrit af dagskýrslum íslensku sendinefndarinnar á kvennaráðstefnu S.Þ. í Peking (Beijing) 1995.

19. júní Kvinnakórinn Vox feminae afhenti Kvennasögusafni eintak af bókinni *da capo* við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi.

13. júlí Björg Einarsdóttir færði safninu *Minnisbækur Bókrúnar 1986-1993*, en þær hafa að geyma mikinn fróðleik um sögu kvenna og íslenskar konur.

23. ágúst Jón Símon Gunnarsson gaf safninu eintak af *Æviminningabók Menningar- og minningarsjóðs kvenna*, III bindi.

6. október Árni Björnsson, þjóðháttufræðingur, færði safninu að gjöf rit Páls Briem, *Frelsi og menntun kvenna* (Rvk., 1885). Ritið var í eigu Vilborgar Harðardóttur, fyrrum eiginkonu Árna, sem nú er látin.

12. október Auður Sigurðardóttir, Bergi, Seltjarnarnesi, færði safninu að gjöf málverk er hún málaði í tilefni af kvennafrídeginum 1975. Málverkið er 40x55 og lýsir að sögn listakonunnar því erfiða verkefni kvenna að þurfa að ganga gegnum fjöll en ekki yfir til þess að ná rétti sínum.

1. nóvember Herdís Þorgeirsdóttir gaf safninu heilt sett af tímaritinu *Heimsmynd* sem hún gaf út og ritstýrði.

22. nóvember Um hendur Þórdísar A. Sigurðardóttur barst safninu bókin *Laugavegurinn* sem StartArt hópurinn gaf út 19. júní 2010.

29. nóvember Frá NIKK barst safninu ritið *Konur og velferð í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi* (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, ritstj).